

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Grindavíkurbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald og tunnuleiga
Sorpeyðingargjald

16.272 kr. á hvert sorphlát
26.547 kr. á hvert sorplát

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2018. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1143/2016.

F.h. Grindavíkurbæjar, 4. desember 2017,

Jón Þórisson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2017